

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 13. apríl 2021.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson, Leifur Einar Arason og Einar Gíslason.

1. Ernst & Young – Endurskoðun

Gjaldkeri hefur fengið tilboð frá Ernst & Young í könnun á ársreikninga félagsins. Voru umræður um nauðsyn þess að láta kanna ársreikninga félagsins án niðurstöðu.

2. Rekstraryfirlit Fáks – Janúar til febrúar

Gjaldkeri kynnti rekstraryfirlit frá janúar til febrúar.

3. Reiðskólarnir

Stjórn samþykkir að halda samningum óbreyttum fyrir næsta ár. Samningar verða kynntir fyrir Reiðskóla Reykjavíkur og Reiðskólanum Faxabóli.

4. Teljari a reiðveg

Rætt er um að setja upp teljara á reiðveg svo hægt sé að afla upplýsinga um umferð hestamanna um reiðvegi félagsins. Framkvæmdastjóra og Sigurbirni er falið að afla upplýsinga um kostnað við uppsetningu á slíkum teljara.

5. Endurskoðun reglna um viðurkenningar fyrir keppnisárangur

Umræður um núverandi reglur. Stjórn felur Ívu Rut, Þórunni og Leifi að fara yfir reglurnar og leggja fram tillögur að breytingum fyrir stjórn.

6. Hækkun á gjaldi í félagshesthúsi

Framkvæmdastjóri leggur til að gjald í félagshesthúsið verður hækkað 26.500 krónur. Gjaldið hefur ekki verið hækkað í nokkur ár og ekki fylgt verðlagsbreytingum. Stjórn samþykkir tillögu að nýju gjaldi.

7. Gæðingamót Fáks

Framkvæmdastjóri og formaður funduðu með framkvæmdastjóra Spretts og formanni Spretts. Tílefni fundarins var að halda opið gæðingamót saman þegar ekki er landsmótsár. Voru aðilar sammála um að halda mótið til skiptis í Spretti og Fáki. Verður mótið haldið síðustu helgina í maí á félagssvæði Spretts.

Stjórn samþykkir samhljóða þá fyrirætlan.

8. Skeiðmót í sumar

Aðilar hafa haft samband um að Fákur haldi skeiðmót í júlí. Framkvæmdastjóra og formanni er falið að ræða við þessa aðila um þetta mót.

9. Umboð til framkvæmdastjóra

Umboð lagt fram til kynningar. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri beri allar uppáskriftir undir formann fyrir undirritun.

10. Deiliskipulagsbreyting í Almannadal

Tillagan er tilbúin til kynningar. Tillagan verður kynnt á heimasíðu félagsins áður en hún verður send til meðferðar hjá Reykjavíkurborg.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason

